

DJÚP LÆGD, SEM GEYSTIST NORDUR FRÁ BISKA YA-FLÓA, OLLI FÁRVIÐRINU

- Yfirlit yfir eitt mesta veður,
- sem komið hefur á þessari öld

Um síðustu mánaðamót skall yfir Ísland mikið rok. Það stóð í nokkra daga eða frá því að kvöldi 28. janúar og síðan með litlu hléi allt fram að kvöldi 2. febrúar.

Ekki hefur þessu roki verið gefið neitt nafn enn, hvorki opin berlega né á almenningstungu. Það ætti þó skír skilið, því að það er vafalaust eitt mesta fárviðri, sem komið hefur yfir landið í marga áratugi. Þeir sem lengst muna telja að því verði aðeins jafnað saman við Halaveðrið mikla 1925, þegar tveir íslenskir togarar fórust út af Vestfjörðum og menn telja það t.d. miklu meira en veðrin þegar Pourquoi Pas fórst eða þegar 2 skip strönduðu í Rauðarárvíkinni 1942.

Og þetta feikimikla rok náði yfir allt landið, eins austur á Langanesi og vestur á Snæfellsnesi. Sumir þeirra, sem bezt muna til líðinna tíma telja að veður þetta hafi í flestum atriðum verið mjög líkt Halaveðrinu en það var einmitt norðanátt og landnýringur og feikihvasst um allt land.

Sá er munurinn nú, og þegar Halaveðrið skall yfir, að veðurfræði og veðurupplýsingum hefur farið mjög fram. Með veðurathugunum og yfirlitum hefur verið hægt að fylgjast allnáið með því, hvernig ofsaveður þetta skapaðist, hvaða aðstæður í loft yfir norðanverðu Atlantshafi öllu þessum fádæmum. Hefur blaðið nú aflað sér ýmissa upplýsinga um þetta mikla veður hjá Veðurstofnunni og víðar um land. Finnst því að það megi varla fara svo framhjá án þess að saga þess sé skrifuð. Lík

lega veður því þó ekki gefið neitt nafn úr þessu, en hér suður í þéttbýlinu mun þess væntanlega minnst einna helzt fyrir það, að í því fæk þakið í einu lagi af stóru verzlunarhúsnæði á Laugavegi 166.

Greininni fylgja nokkrir upprættir eða veðurkort sem sýna gang málsins og við skulum líta á þá. Veðurfræðilegar orsakir roksins eru fyrst og fremst þær að yfir Grænlandi var mikið há þrýstisvæði. Það er venjulegt einkum á vetrum, að háþrýstisvæði liggja kyrrstæð yfir heim skautalöndunum. Þó var háþrýstisvæðið yfir Grænlandi nú óvenjulega mikið eða upp í 1056 millibarar.

Þá er það hinn „faktorinn“, lægðirnar sem voru sunnar yfir Atlantshafinu. Dagana 26. og 27. janúar hafði lægð komið vestan af Atlantshafi. Hún var ekki mjög kröftug eða um 980 millibarar. Hún staðnæmdu á svæðinu suður af Íslandi og vestur af Skotlandi. Hún olli nokkru hvassviðri á Bretlandseyjum og einnig á Íslandi, en ekkert sem teljandi væri.

En þá gerist það, að menn sjá aðfaranótt 28. janúar, að ný lægð kemur inn á sviðið. Hún kemur af suðlægari slóðum, eða af hafsvæðinu út af Biskayaflóa við Spán og stefnir með miklum hraða beint til norðurs fyrir vestan Írland. Þar sameinast hún hinn eldri kyrrstæðu lægð sem þar var fyrir. Um miðnætti aðfaranótt 28. janúar er miðja þessarar lægðar beint í vestur af Ermasundi. Hún geysist norður á bóginn og um hádegi 28. janúar er miðja hennar vestur af Skotlandi. Um miðnætti aðfaranótt 29. janúar er hún í grennd við Færeyjar. Nú lokins fer að hægja á henni og um hádegi 29. janúar er miðja lægðarinnar rétt út af Hornafirði. Hún er nú orðin mjög djúp, nær svo hátt, að háloftastrumar eru



Þannig lítur veðurkort út, sem snir jafnþrýstílinur yfir Íslandi á hádegi 29. janúar, þegar rokið geislaði sem ákafast. Hér er hver milliberalína dregin upp, þegar strikin eru svona þétt sýnir það æðum veðurfræðingi, að ofsarok er á öllu landinu.

farnir að hætta að hafa áhrif á hana, en það eru yfirleitt þeir sem valda hreyfingum lægðanna litlu og frá Vegna þessa veður þessi djúpa lægð nú um skeið nærri kyrrstæð, þó þó aðeins og sveigir til austurs út af Austfjörðum.

Þarna stendur þessi lægð hreyfingarlitil í nokkra daga og ný gerast skelfilegir hlutir, henni hefur með ferðinni sem fyrst var á henni tekizt að þrýsta sér svo norðarlega og ná lægt háþrýstisvæðinu yfir Grænlandi, að mjög skammt er nú á milli háþrýstisvæðisins yfir Grænlandi og lægðarinnar út af Austfjörðum, varla meira milli miðpunkta þeirra en svo sem 1000 km og þar að auki bætist það að þrýstingsmunurinn milli þeirra er óvenjulega mikill.

Veðurfræðingarnir mæla þrýstinginn í millibörum og teikna inn á kortin jafnþrýstílinur, sem eru alveg sambærilegar við hæðalínur á landi. Maður getur hugsað sér að háþrýstisvæðin séu fjöll, en lágþrýstisvæðin láglandi. Og þá sér maður ur það fyrir sér, að yfir Grænlandi er hátt „fjall“ veðurfræðilega séð, sem er markað með 1040-1050 millibörum, en við Austfirði eða út af Hornafirði er djúp lægð sem fer niður í 962 millibara. Munurinn þarna á milli er hvorki meira né minna en 80-90 millibara. Þessar milli baralínur teikna veðurfræðingarnir svo inn á kort og í þessu tilfelli verða þær mjög margar á stuttu svæði.

Annað veðurkortid yfir Norður-Atlantshafið sem hér fylgir sýnir hvernig staðan er um hádegi laugardaginn 29. janúar. En hér er þriðji upprætturinn, sem sýnir Ísland og millibarafræðingarnar eins og þær voru þá dregnar inn. Veðurfræðingur sem lítur á þessi strik, sér þegar í stað að þær eru alveg óvenjulega þéttar yfir landinu. Hann getur að vísu setið rólegur inni í sínu steinsteypta herbergi í flugturninum á Reykjavíkflugvelli, en

upprætturinn sýnir honum glögglega, að það er ekkert blívindrið útinnu. Þrýstílinurnar eru svo þéttar, að á því er enginn vafi, að það er ofsarok um allt Ísland. Þetta lítur í rauninni út eins og snarbrött fjalls hlíð, gerð úr lofti, sem hlýtur að heimta útrás og æða niður hlíðina. Stormurinn er þannig í rauninni nokkurs konar skrifa sem brýzt fram úr brattanum. Veðurfræðingur getur jafnvel fundið meðalvindhraðaann með því að mæla fjarlægðina á milli lína ána án þess að þurfa að fara nokkuð út.


Hann sér með einföldum kvarða að yfir Íslandi hlýtur að vera víðast hvar 55-60 hnúta vindhraði. Það er að segja í kringum 100-km. hraða á klst., eða nálægt 12 vindstigum.

Enda fór ekki hjá því, að íbúar þessa lands færu þegar að kvöldi 28. janúar að verða


varir við hann Kára gamla og fór veðrið síðan sívaxandi fram á laugardaginn. Það var tilkynnt um 60 hnúta vind á Hornbjargi, Aðey, Siglufirði og Grímsey og 55 hnúta vind víða á Vestfjörðum, Snæfellsnesi og Skagafirði og síðan í kringum 50 yfir aðra hluta Vesturlands og Suðurlands. Á þessu tímabili gerast nú margir viðburðir.

Ef til vill sýnir einn viðburður í Staðarsveit bezt kraft stormsins. Nokkrir vörubílar voru þar á ferð. Eins og allir vita eru þetta þyngslataeki, sem vegu alltaf nokkur tonn. Bíllinn komust ekki áfram vegna roksins. Einn bílstjórinn fór með erfðismunum úr sínum bíl og yfir í þann næsta til þess að stytta sér stundir við að rabba saman. Svo stóð hans bíll mannlús eftir á veginum. Allt í einu sjá þeir að vörubifreiðin, jafnþung

Framhald á bls. 6.



Veðurkort af Norður-Atlantshafi, sýnir stöðuna um hádegi 28. janúar. Leifar eldri lægðar sjást rétt fyrir sunnan Ísland þar sem merkt er 980 millibara. Órvalínan sýnir miðferil djúpu lægðarinnar sunnan af Biskaya-flóa þangað til hún staðnæmdu um hádegisleyti 29. janúar út af Hornafirði.



Veðurkort af Norðanverðu Atlantshafi, sem sýnir stöðuna um hádegi 29. janúar, einmitt þegar hvassast var um Norður-, Vestur- og Suðurland. Takið eftir hve stutt er á milli sterks háþrýstisvæðis yfir Grænlandi og hinnar djúpu lægðar við suðurströnd Íslands.

Þjónusta -- -- Þjónusta

BIFREIÐAEIGENDUR!

Sprautum og réttum. - Bflaverkstæði Vesturás h.f., Síðumúla 15 B, sími 35740.

Bifreiðaviðgerðir

Ryðbæting, réttingar, nýsmíði, plastviðgerðir, sprautun og aðrar smærri viðgerðir. Jón J. Jakobsson, Gelgjutanga. Sími 31040.

HÚSEIGENDUR

Tek að mér alls konar húsviðgerðir, set í tvöfalt gler o. m. fl. Sími 10738.

HEIMILISTÆKJAVIÐGERÐIR

Pvottavélar, hrærvélar og önnur heimilistæki, raflagnir og rafmótorvindingar. Sækjum, sendum. Rafvéla- og rafmótorverkstæði H. B. Ólasonar, Síðumúla 17. Sími 30470.

HÚSBYGGJENDUR — BIFREIÐASTJÓRAR

Tökum að okkur raflagnir, viðgerðir og rafvélar. Einnig bíla- rafmagn, svo sem startara, dynamó og stillingar Rafvéla- og rafmótorverkstæði Símonar Melsted, Síðumúla 19. Sími 40526.

ÁHALDALEIGAN SÍMI 13728

Til leigu víbratarar fyrir steypu, vatnsdælur, steypuhrærvélar o.fl. Sent og sótt ef óskað er. Áhaldaleigan, Skaftafelli við Nesveg, Seltjarnarnesi. Ísskápa- og planóflutningar á sama stað. Sími 13728.

VINNUVÉLAR — TIL LEIGU

Leigjum út litlar steypuhrærvélar. Ennfremur ræfknúna grjót- og múrhamra með borum og fleygum Steinborar - Vibratarar - Vatnsdælur Leigan s/f Sími 23480.

Bilaviðgerðir — Járnsmiði.

Gerir við grindur í bílum og alls konar nýsmíði úr járn. Vél smíða Sigurðar V Gunnarssonar Hrisateig 5. Sími 11083

HREINSUN — GÓLFTEPPI

Hreinsum gólfteppi og húsgögn í heimahúsum. Sækjum einnig og sendum. Leggjum og lagfærum gólfteppi. Hreinsun h.f., Bolholti 6. Símar 35607, 36783 og 21534.



LJÓSASTILLINGAR

Bifreiðaeigendur við getum nú stillt fyrir yður ljósín á bifreiðunum - fljót og góð afgreiðsla í Ljósastillingastöðinni að Langholtsvegi 171. Opíð frá kl. 8 - 12 og 13.30 og frameftir eftir verkefnum. Félag ísl. bifreiðaeigenda.

VIÐGERÐIR — ÞJÓNUSTA

Önnumst allar utan- og innanhússviðgerðir og breytingar. Þéttum sprungur, lögum og skiptum um þök. Einnig önnur uppsetningu og lagfæringu á sjónvarpsloftnetum o. fl. Uppl. allan daginn í sínum 21604 og 20491.

MOSAÍK OG FLÍSALAGNIR

Múrari getur bætt við sig mosaík- og flísalögnum. Uppl. í sínum 24954 og 20390.

HÚSAVIÐGERÐIR — Sjónvarpsuppsetningar

Getum aftur bætt við okkur hvers konar húsviðgerðum, innan húss sem utan. Setjum einnig upp sjónvarpsloftnet. Uppl. á kvöldin. Sími 34673.

HANDRÍÐ — HLIÐGRINDUR

Plastasetningar. - Getum bætt við okkur verkefnum í handrífasmíði. Fljót og góð afgreiðsla. Járniðjan s.f., Súðarvogi 50. Sími 36650.

Símastúlka óskast

Kassagerð Reykjavíkur óskar eftir að ráða nú þegar stúlku til síma- og vélavörzlu. Vinnutími mánud - föstud. frá kl. 9-5.

KASSAGERÐ REYKJAVÍKUR
Kleppsvégi 33 . Sími 38383

Stúlka óskast

strax í tóbaks- og sælgætisverzlun. Vinnutími kl. 1-6. Sími 14834 á kvöldin og 14745 kl. 2-3 í dag.

ENGIN ANDSPYRNA GEGN BYLTINGUNNI Í GHANA

Hinir nýju valdhafar studdir af landher og flugher

Hinir nýju valdhafar í Ghana njóta stuðnings landhers og flughers, að því er hermt er í NTB-frétt, en um þetta höfðu borizt fréttir til Reuter-fréttastofunnar frá Lagos í Nígeríu.

Í fréttinni segir ennfremur: Ekki sjást nein merkj andspyrnu gegn byltingunni. Fyrir þessu eru sagðar áreiðanlegar heimildir.

Í óstaðfestum fréttum segir, að hinir nýju leiðtogar muni skipa öllum kínverskum og sovézskum borgurum í landinu að hverfa heim til landa sinna.

Í gær var útvarpað tilkynningu til skrifstofustjóra allra fylkisstjóra í landinu, að taka alla stjórn fylkjanna í sínar hendur hver í sínu umdæmi. Samtímis var endurtekin fyrirskipun til formanna allra stjórnarmálaflokka, allra fyrrverandi ráðherra og allra þingmanna um að snúa sér til lögreglunnar til þess að hún taki að sér að vernda þá.

Í framhaldsfrétt segir, að ráðherrum úr stjórn Nkrumah, ýmsum embættismönnum og þingm., er voru stuðningsmenn, hafi verið ekið í lögreglubílum í fangabúðir, og þegar bílarnir hafi orðið að hægja á sér í umferðinni í miðhluta

Accra, hafi menn þyrpt að til þess að reyna að koma, auga á hina handteknu. Er menn komu auga á Welbeck, sem var yfirmaður áróðursstarfsemi ríkisins, ráku menn upp siguróp.

Hið nýskipaða ráð, sem hefir fengið að höfuðverkefni, að hindra að efnahagslífið fari í kalda kol, kom saman til fundar í gær. Fórmaður ráðsins er J. A. Ankran herdeildarforingi, sem Nkrumah vék frá störfum.

Tassfréttastofan kennir upplýsingaþjónustum Breta og Bandaríkjamanna um byltinguna.

Khow Amyhyia fyrrverandi áróðursstjóri Nkrumah, nú land-

flótta á Bretlandi, sagði í gær, að hann teldi líklegt, að Nkrumah myndi biðja um hæli sem pólitískur flóttamaður í Bretlandi.

„Harðstjórnin er úr sögunni“, hrópuðu fagnandi Ghanabúar í gær, er vinnuflokkur kom með kranabíl til þess að brjóta niður brons-styttu af Nkrumah fyrir framan þinghúsið. Verkamennirnir gáfu mönnum mola úr granitstallinum og stytunni til minja.

Kona Nkrumah er komin með 3 börn sín til Kairo. Hún er egypzk. Líklegt var talið í gær, að Nkrumah mundi fara þangað til fundar við hana, og hætta við förina til Hanoi.



Dr. Obote

Ráðherrahandtök ur í UGANDA

Stjórnarskráin felld úr gildi

Í NTB-frétt frá Kampala í gær segir, að þar sé allt með kyrrum kjörum. Í gærmorgun báru stjórnarskráin úr gildi, en fyrr í vikunni hafði hann látið handtaka 5 ráðherra. - Dr. Obote tilkynnti, að stjórnarskráin hefði verið felld úr gildi til þess að tryggja öryggi og einingu. Hann kvaðst hafa verið tilneyddur, að gripa til þessara aðgerða, vegna þess að embættismenn í mikilvægustu stöðum hefðu gert tilraun til þess að steypa stjórn hans með aðstoð erlends herliðs. - Í fréttinni segir, að bæði í stjórnarskrifstofum og atvinnulífnum sé allt með venjulegum hætti, og allar sölubúðir fullar af fólki, sem sé að verzla, né verði vart mannfleiri lögreglu á götum höfuðborgarinnar en vanalega.

KARLMANNSGLERAUGU

Karlmannsgleraugu töpuðust í gær eða fyrradag. Uppl. í síma 11660.

Fárviðrið

Framh. af bls. 6

læðingi í slíkum færviðrum og tækniáhugamenn munu harma það í hjarta sínu að ekki skuli vera hægt að virkja og varðveita slíkan kraft til gagnsemdar, kraft, sem getur t.d. eins og risahönd lyft upp margra tonna vörubíl og veit honum marga hringi. Fyrir framrás vís indanna býr mannkynið yfir mikilli orku, þar sem kjarnorkan er og þó er það staðreynd að ein vetnissprengja af þeirri stærstu og kraftmestu gerð sem maðurinn hefur framleitt er víst varla meira en hundraðasti hluti jafnvel þúsundasti hluti af þeirri orku sem leysist úr læðingi á svæðinu frá Grænlandi og suður að Færeyjum þessa miklu rok daga.

Viktor Kracsjenko stytti sér aldur í gær

NTB-frétt frá New York í gærkvöldi hermir, að Viktor Kracsjenko, höfundur bókarinnar „Ég valdi frelsið“ hafi stytt sér aldur í gær þar í borg. Hann hefir verið landflótta síðan skömmu eftir heimsstyrjöldina. Bók hans, „Ég valdi frelsið“, kom út í íslenskri þýðingu.

AUGLÝSID Í VÍSI